

# Stjórnarfundur LSG (4)

## Landeigendafélag Sléttu – og Grunnavíkurrepps

6.6.2018

Kl. 17:00

<b>Boðaður af</b>	Ingvi Stígsson formaður	<b>Fundur</b>	Stjórnarfundur nr. 4
<b>Fundarstaður</b>	Borgartún 30a, 5h.	<b>Fundarritari</b>	Gunnar H. Kristjánsson
<b>Viðstaddir:</b>	Ingvi Stígsson formaður (IS), Sölvi Sólbergsson varaformaður (SS), Gunnar H. Kristjánsson (GHK) ritari, Margrét Katrín Guðnadóttir (MKG) gjaldkeri, Finnbjörn A Hermannsson (FAH) stjórnarmaður, Halldóra Kristinsdóttir (HK) varamaður, Sigrún Þorvarðsdóttir (SP) varamaður, Kristín Ósk Jónasdóttir Umhverfisstofnun (fundarliður 1 og 2).		

### Fundargerð

<b>Fundarliður 1:</b>	Upplýsingabæklingur til landeigenda og húsafólks á Hornströndum. Símafundur með Kristínu Ósk Jónasdóttur um drög að upplýsingabæklingi Umhverfisstofnunar og LSG.
<b>Niðurstöður:</b>	Skjalið er fyrsta útgáfa og verður opið og í þróun. Kort með slóðum verður í viðauka. Á Hesteyri eru vegir sem eru nýttir. Texti um hundahald verði stytur. Sorpmál: Stóra málið er að ekki sé verið að brenna sorpi. Enska skjalið er ekki gott að þarfnast betri þýðingar. Verður sett á heimasíðuna þegar það er tilbúið. Verður birt sem samstarf Umhverfisstofnunar og Landeigendafélagsins. Umhverfisstofnun er að biðja um ábendingar varðandi slóðana.
<b>Fundarliður 2:</b>	Stjórnunar- og verndaráætlun. Farið yfir stöðuna með Kristínu og næstu skref.
<b>Niðurstöður:</b>	Er komin í kynningu. Kynningarferlið er sex vikur. Tekið er á móti ábendingum. Öllum ábendingum verður svarað. Annað hvort þarf að taka tillit til ábendinga eða rökstyðja af hverju ekki. Allir sem koma með ábendingar fá svar. Samantekt með ábendingum fer inn á vefinn. Kynningarferlið fyrir landeigendur: Gott ef tveir eða þrír úr samráðsnefndinni verði með í kynningum. 21. júní er líklegur kynningardagur á Ísafirði. Stuttur fundur þar sem farið er í gegnum verndaráætlun og hvernig ferlið er. Verður auglýst á vef.
<b>Fundarliður 3</b>	Deiliskipulag vegna byggingar þjónustuhús á Hesteyri Lagt fram til kynningar bréf Umhverfisstofnunar til bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar um deiliskipulag vegna byggingar þjónustuhús á Hesteyri.
<b>Niðurstöður:</b>	Hvatt er til þess að Ísafjarðarbær verði við beiðni Umhverfisstofnunar um deiliskipulag Hesteyrar.
<b>Fundarliður 4</b>	Deiliskipulag - Sæborg, Aðalvík Ísafjarðarbær óskar með tölvupósti 14. maí eftir umsögn varðandi deiliskipulagstillögu og greinargerð vegna nýs deiliskipulags fyrir jörðina Sæborg í Aðalvík. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar heimilaði 3. maí síðastliðinn málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
<b>Niðurstöður:</b>	Frestur er til 30. júní. Hvatt er til þess að svæðið í heild sinni (F41) Sæborg, Garðar og Sæból verði deiliskipulagt í heild sinni. IS og SS gera tillögu að umsögn.

---

**Fundarliður 5** Breytingar á lögum LSG  
Jakob Falur Garðarsson lagði til að lög félagsins yrðu endurskoðuð í heild sinni.  
Tillaga IS: *Stjórn LSG felur Erling Ásgeirssyni, Finnbirni Hermannssyni og Jakobi Garðarssyni að koma með tillögu að heildarendurskoðun laga LSG. Skal hópurinn leggja fram tillögu til umsagnar félagsmanna 1. febrúar 2019.*

**Niðurstöður:** Tillagan er samþykkt.

---

**Fundarliður 6** Fundargerð 3. fundar lögð fram til samþykktar.

**Niðurstöður:** Fundargerð nr. 3 er samþykkt.

---

**Fundarliður 7** Önnur mál. Persónuvernd og Þjóðskjalasafn

**Niðurstöður:** Formaður og ritari afhendi Þjóðskjalasafni eldri fundargerðir og lögfræðingar þeirra meta aðgengi að gögnunum.

Bókun SP; SP óskar eftir að félagsmenn LSG fái svör sem IS fékk frá persónunefnd og svör sem IS fékk frá Þjóðskjalasafninu varðandi eldri fundarbækur og aðgengi að þeim.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 19:10